


Sólstafir – framhald:  
Sólstafir úr gervihnetti

Skýjaskuggar eru mjög algengir á gervihnattamyndum. Sé móska í lofti mynda þeir sólstafi sem virðast geislast út frá sólu í allar áttir. En í raun og veru eru stafirnir samsíða, þeir hlutar þeirra sem virðast vera nær sólu eru það ekki heldur eru þeir einungis lengra í burtu frá áhorfanda heldur en þeir hlutar þeirra sem lengra greinast frá sólinni. Mynd sem sýndi þetta fylgdi pistlinum sem vísar í þetta framhald.

Lítum nú á mynd sem tekin var úr gervitungli (modis) 3. febrúar 2010 um kl. 13:50. Stærri myndir eru aftar í þessu skjali.



Hér má sjá Snæfellsnes, Breiðafjörð og megnið af Vestfjarðakjálkanum. Sól er hér nærri hásuðri, en lágt á lofti og skýjabakkinn út af Snæfellsnesi myndar langa skugga sem falla á Breiðafjörðinn. Þeir sjást enn betur sé litum myndarinnar breytt:



Skuggarnir sjást nú vel. Línan sem liggur frá Skorarfjalli suður um Snæfellsnes sýnir stefnuna til sólar. Línur A og B liggja í átt að skugga sem sést hefði frá Skor ef móska hefði gefið tilefni til. A-línan lendir þar sem skugginn nær langt til norðurs, en B bendir á sama skugga en aðeins sunnar. Vel sést að skuggarnir eru samsíða, en B er nær sólu frá Skor séð heldur en A. Sjónhverfing túlkar sýnina sem halla, frekar en að túlka hana sem dýpt út í fjarskann. Þetta er sama sjónhverfing og þrengir veg sem liggur til sjóndeildarhrings, vegurinn þrengist ekki, en hann sýnist gera það.  
trj 17.2. 2010.

